

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Hafnarhrepps, Höfn,  
Hornafirði, nr. 120 6. maí 1969.

**1. gr.**

10. grein orðist svo:

Af öllum íbúðarhúsum í Hafnarhreppi, sem tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlega vatnsskatt, er nemi 0.10% af fasteignamatsverði húsa og lóða þeirra. Vatnsskattur skal þó aldrei lægri vera en kr. 1 500.00 á hverri húseign eða sjálfstæðri íbúðarhæð. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi skal greiða  $\frac{1}{2}$  lágmarksgjald af hverri íbúð, sem búið er í umfram eina í hverju húsi. Sé íbúð eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

**2. gr.**

11. grein orðist svo:

Af öðrum húsum, sem nota vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, svo sem verksmiðjur, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gisti- hús, frystihús, verbúðir, benzínafgreiðslur, þvottaplön o. fl. skulu greiða vatnsskatt, er nemi 0.30% af fasteignamati húsa og lóða. Þó aldrei minna en 1 500.00 af hverri húseign. Auk þess er hreppsnefnd heimilt að láta þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölur, greiða kr. 5 000.00 á ári fyrir vatns- notin.

**3. gr.**

12. grein orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn, skal þá greiða krónur 3.00 — þrjár krónur — af smálest, auk þess vatnsskatts, sem um getur í 11. gr. Hreppsnefnd sér um útvegum og uppsefningu mælanna en vatnsnotandi skal greiða árlega mælaleigu kr. 400.00 — fjögur hundruð krónur — fyrir hvern mæli. Þó eru þvottaplön fyrir bifreiðar undanskilin, ef þau greiða vatnsskatt samkvæmt síðustu málsgrein 2. greinar.

**4. gr.**

13. grein fyrri hluti orðist svo:

Fyrir vatn til skipa og báta greiðist kr. 30.00 fyrir smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 60.00 fyrir fiskiskíp og kr. 80.00 fyrir önnur skip. Þó skal hreppsnefnd heimilt að setja fast árgjald fyrir neytluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Höfn í Hornafirði.

Síðari kafli 13. greinar helzt óbreyttur.

**5. gr.**

16. grein orðist svo:

Í stað orðanna „Gjalddagi vatnsskatts er 1. apríl“ komi „gjalddagi vatnsskatts er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts“.

## 6. gr.

18. grein orðist svo:

Í stað 2 000.00 krónur“ komi „10 000.00 krónur.“

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1973.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

21. febrúar 1973.

Nr. 58.

**REGLUGERÐ****um holræsi í Hafnarhreppi, Höfn, Hornafirði.**

## 1. gr.

Þegar Hafnarhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, svo sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að gera holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs tíma, sem sveitarstjóri ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

## 2. gr.

Hafnarhreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1973. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðamörkum húsa. Heimlagin eru á kostnað húseigenda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmáum um lóðaúthlutun.

## 3. gr.

Sveitarstjóri, verkstjóri og byggingarfulltrúi undir yfirstjórn sveitarstjórnar, fara með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi kaupsins varðar. Heimilt er sveitarstjórn að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafizt verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því, er að tilhöggun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

## 4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseigenda, þar sem ástæða þykir til.

## 5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.